

Ed. 216. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu verði framlengd út árið 1986. Jafnframt er lagt til að gjaldið, sem var lækkað úr 19% í 16% með lögum nr. 120/1984, verði áfram 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verði hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi óbreytt í eitt ár til viðbótar og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1986.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem varð að lögum nr. 120/1984, var vísað til yfirlýsingar iðnaðarráðherra er hann gaf á Alþingi 14. desember 1983 þess efnis að hann mundi beita sér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti. Til að undirbúa málið skipaði iðnaðarráðherra með bréfi, dagsettu 27. janúar 1984, sérstaka nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforkusölu. Nefndin skilaði álit 23. nóvember 1984 og gerði tillögur um að lækka gjaldið úr 19% í 10% árin 1985 og 1986, í 5% árin 1987 og 1988 og að gjaldið félli síðan niður frá og með árinu 1989. Við afgreiðslu máls þessa í desember 1984 náðist ekki samstaða um þær leiðir sem nefndin þá lagði til. Þess í stað var ákveðið að lækka gjaldið úr 19% í 16% og að sú tilhögun héldist í eitt ár, þ. e. árið 1985. Í greinargerð með því frumvarpi var tekið fram að það bæri að skoða sem fyrsta áfanga þess að verðjöfnunargjaldið yrði fellt niður.

Með bréfi, dags. 18. apríl 1985, endurskipaði iðnaðarráðherra fyrrgreinda nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforkusölu, þó þannig að tveir menn bættust í nefndina.

Nefndin var skipuð eftirtöldum mönnum:

Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, formaður,
Stefán Guðmundsson, alþingismaður,
Kjartan Jóhannsson, alþingismaður,
Sigurður Þórðarson, skrifstofustjóri,
Guðmundur Malmquist, héraðsdómslögmaður,
Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri,
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

Álit nefndarinnar er dagsett í Reykjavík 2. desember 1985 og er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í nefndarálitinu er það megingintillaga nefndarinnar að gjaldið verði felld niður frá og með 1. janúar 1986 og að ríkissjóður yfirtaki á sama tíma heildarskuldir orkufyrirtækjanna sem gjaldsins njóta, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisins (kr. 2 975 millj.) og Orkubús Vestfjarða (kr. 816 millj.).

Kjartan Jóhannsson, alþingismaður, og Sigurður Þórðarson, skrifstofustjóri í fjármála-ráðuneytinu, skiluðu báðir séráliti. Í séráliti Sigurðar Þórðarsonar, skrifstofustjóra, segir m. a.:

„Ég er þeirrar skoðunar að ekki verði hjá því komist að tekjuöflun orkufyrirtækja í landinu beri þá fjárfestingu og rekstrarkostnað sem stofnað hefur verið til af hálfu orkufyrirtækja á undanförunum árum.

Nú þegar hefur ríkissjóður létt af orkufyrirtækjum fjárfestingu sem nemur allt að 3 milljörðum króna.

Fjárhagur ríkissjóðs leyfir ekki að óbreyttu frekari yfirtöku fjárskuldbindinga að mati undirritaðs.“

Ekki náðist því samstaða nú um þær leiðir sem nefndin lagði til og settar eru fram í meðfylgjandi nefndaráliti.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er það slæm, að nauðsynlegt er að viðhalda þessum tekjustofni óskertum. Má til dæmis nefna að þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið er áætlaður halli Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1985 um 51 millj. króna og halli Orkubús Vestfjarða á þessu ári er áætlaður um 9 millj. króna. Það má því ljóst vera að frekari lækkun verðjöfnunargjaldsins án annarra aðgerða kemur ekki til álita að þessu sinni.

Skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að tekjur af verðjöfnunargjaldi miðað við 16% verðjöfnunargjald verði 390 millj. króna. Hlutur Rafmagnsveitnanna verður 312 millj. króna og hlutur Orkubús Vestfjarða 78 millj. króna.

Þar sem ekki náðist samstaða nú um lækkun gjaldsins í áföngum og niðurfellingu þess, samhliða aðgerðum til að bæta fjárhag fyrirtækjanna sem fela í sér lausn til frambúðar, er óhjákvæmilegt með tilliti til bágrar fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að framlengja gjald þetta óbreytt um eitt ár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að gildistími laganna verði framlengdur um eitt ár.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Nefndarálit (Nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku) dags. 2. desember 1985, ásamt fylgiskjölum.

Fylgiskjal.

Nefnd til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforkusölu.

NEFNDARÁLIT

Skipun

Með bréfi dags. 18. apríl 1985 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforkusölu. Var hér um að ræða endurskipun nefndar, sem skilaði álit 23. nóvember 1984, þó þannig að tveir menn bættust í nefndina.

Í skipunarbréfi segir m. a.: „Við afgreiðslu á frumvarpinu á Alþingi í desember 1984 gaf iðnaðarráðherra út þá yfirlýsingu, að hann mundi beita sér fyrir því að lagt yrði fram frumvarp við upphaf næsta löggjafarþings um þetta efni, sem í öllum meginatriðum mundi fylgja tillögum fyrrgreindrar nefndar.“

Í skipunarbréfi segir enn fremur: „Nefndinni er ætlað að yfirfara frumvarp það, er samið var á vegum nefndarinnar s. l. haust, og gera tillögur að nýju frumvarpi, er taki gildi 1. janúar 1986.“

Tillögur fyrri nefndar

Tillögur fyrri nefndar koma fram í fylgiskjali 4 með nefndarálit, dags. 23. nóvember 1984, sem er „Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu.“ Skýringar og greinargerð er að finna í sjálfu nefndarálitinu. Megintillögurnar voru þessar:

Verðjöfnunargjald (19% árið 1984) skyldi afnumið í áföngum, þannig að það yrði 10% árin 1985 og 1986, 5% árin 1987 og 1988 en félli síðan niður. Þó skyldi það þegar 1. janúar 1985 falla niður af sölu til allrar rafhitunar (ekki einungis húshitunar, eins og verið hefur), til varmadæla, til skipa í höfnum og til dælingar hitaveitna á heitu vatni.

Tekjumissir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða skyldi bættur fyrirtækjunum með þrennum hætti, þannig:

- 1) Að því marki, sem tekjur af raforkusölu til hitunar standa ekki undir kostnaði, greiði ríkissjóður veitunum mismuninn, enda sé þessi fjárþörf rökstudd við gerð fjárlaga ár hvert.
- 2) Félagslegur þáttur framkvæmda, sem Alþingi hefur samþykkt, að veiturnar skuli ráðast í, greiðist ár hvert úr ríkissjóði.
- 3) Hinn 1. janúar 1985 skyldi ríkissjóður taka að sér greiðslu á hluta áhvílandi lána fyrirtækjanna, en þeim hluta lána, er eftir stæði, yrði breytt í jafngreiðslulán með tilteknum hámarks-raunvöxtum.

Með lögum nr. 120/1984 var verðjöfnunargjald ákveðið 16% fyrir árið 1985, en ákvörðun um frekari aðgerðir ekki tekin.

Greint er frá því í skýringum á bls. 4 í þessari greinargerð, hvaða áhrif aðgerðir (1) og (2) mundu hafa á þörf fyrir verðjöfnunargjald árið 1986.

Nefndarstörf

Nefndin hefur haldið 10 bókaða fundi. Auk gagnasöfnunar hefur ýmis vinna verið innt af hendi milli funda.

Að beiðni nefndarinnar gerðu Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða rekstrar-áætlanir til 10 og 20 ára miðað við ýmsar forsendur. Miðað við nýja orkuspá, áætlanir um þróun heildsöluverðs og athuganir á mismunandi hraða í afnámi verðjöfnunargjalds voru áætlanir fyrirtækjanna að lokum settar fram á grundvelli 10 ára tímabils (1986—1995). Áhrif

Þess á rekstraráætlanir fyrirtækjanna að afnema verðjöfnunargjaldið að fullu og öllu í árslok 1985 eru sýnd í fylgiskjali 1. Áhrif niðurfellingar í þrem áföngum (12%, 6%, 0%) eru sýnd í fylgiskjali 2. Áhrif niðurfellingar í tveim misstórum þrepum (14%, 0%) eru sýnd í fylgiskjali 3. Þá er áætlun fyrirtækjanna með 14% verðjöfnunargjaldi sýnd í fylgiskjali 4. Loks er til fróðleiks sýnt í fylgiskjali 5 (RARÍK), hvornig verðjöfnunargjaldið gæti lækkað frá og með árinu 1993 án sérstakra aðgerða. (Þannig mundi það hverfa eftir árið 2001.)

Ýmsar athuganir voru gerðar af hálfu Sambands íslenskra rafveitna á raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu. Niðurstöður þess samanburðar birtast í fylgiskjölum 7—10.

Nefndin fór yfir gögn fyrri nefndar, m. a. skilgreiningu á félagslegum þætti framkvæmda, kostnaðarathuganir á rafhitun — svo og sjálft lagafrumvarpið, sem fylgdi áliti nefndarinnar. Efnislega eru allar meginforsendur hins fyrra nefndarálits taldar standast.

Niðurstaða

Niðurstaða nefndarinnar er sú, að verðjöfnunargjaldið skuli afnumið að fullu frá og með 1. janúar 1986.

Til að mæta þeim tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sem í niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins felst, er nú gerð tillaga um aðra lausn en áður. Felst hún í því að ríkissjóður yfirtaki öll áhvílandi lán fyrirtækjanna frá og með 1. janúar 1986. Nægir það til að koma fyrirtækjunum á réttan kjöl, þannig að nýjar lántökur verði óþarfar. Hér er um að ræða yfirtöku á lánum Rafmagnsveitna ríkisins, að fjárhæð 2 975 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 816 millj. kr.

Lagt er til, að tryggilega verði frá því gengið að fyrirtækin stofni ekki til nýrra lána, þegar ráðstafanir þessar hafa verið gerðar, nema því aðeins að fé úr rekstri nægi til endurgreiðslu þeirra.

Skýringar

Tillaga þessi um yfirtöku áhvílandi lána er studd þeim rökum að hin mikla byrði óhagkvæmra lána eigi í verulegum mæli rót að rekja til ákvarðana stjórnvalda um óarðbærar (félagslegar) framkvæmdir fyrirtækjanna tveggja á liðnum árum. Mikla rafhitunarsölu undir kostnaðarverði má einnig rekja til ákvörðunar stjórnvalda. Þá hafa stjórnvöld einnig gert fyrirtækjunum það ókleift að leita hagkvæmustu lána til framkvæmda — og eigin fjármögnun hefur verið lítil sem engin.

Þannig má réttlæta yfirtöku ríkissjóðs á lánum fyrirtækjanna með svipuðum rökum og gert var vegna Kröfluvirkjunar og svonefndra Byggðalína, enda meginákvæðanir um framkvæmdir, hraða þeirra og lántökur vegna þeirra, teknar af stjórnvöldum.

Niðurstaða nefndarinnar er að því leyti óbreytt frá niðurstöðu fyrri nefndar, að aðstoð ríkissjóðs er talin óhjákvæmileg, ef afnám verðjöfnunargjalds á að koma fram í lækkun raforkuverðs til notenda.

Hér er hins vegar lagt til að aðstoðin komi fram á annan hátt, sem að mati nefndarinnar er einfaldari í framkvæmd og hefur auk þess þann kost, að fyrirtækjunum tveimur á að vera kleift að ná jöfnuði í rekstri eftir þessa aðgerð.

Rétt er að benda á, að áætlanir fyrirtækjanna sjálfra um rekstur og framkvæmdir á tímabilinu 1986—1995 eru lagðar til grundvallar þeim niðurstöðum, sem nefndin hefur komist að. Nefndin hefur ekki lagt sérstakt mat á áætlanir þessar, en allarforsendur eru þar tilgreindar. Áætlanirnar sýna mjög bætta afkomu fyrirtækjanna, þegar líður á tímabilið. Eðlilegt er að það verði látið koma fram í lækkun orkuverðs.

Þá er og rétt að vekja athygli á því, að nefndin tekur ekki í þessu áliti afstöðu til verðlagningar fyrirtækjanna tveggja á raforku. Í ljósi þess, hve mikinn hluta orkunnar þau

selja undir kostnaðarverði, virðist endurskoðun á þessum þætti vera fyllilega réttlæt看leg. Í fyrra nefndarálitum segir orðrétt á bls. 3: „Orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, einkum til hitunar, hefur verið haldið of lágu um langan tíma.“ Þetta er tilfinnanleg tekjuskerðing, þar eð sala samkvæmt hitunartöxtum (hitunarpáttur marktaxta meðtalinn) er um 60% hjá báðum fyrirtækjunum.

Rétt er að vísa til tveggja fylgiskjala með fyrra nefndarálitum, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir kostnaðarpáttum rafhitasölu (fskj. 2c) og skilgreiningu félagslegs þáttar framkvæmda (fskj. 2d). Í nefndarálitinu er einnig rakið, hvernig ríkisvaldið hefur undanfarin ár lækkað, og loks hætt að fullu, greiðslu félagslegs þáttar framkvæmda til Rafmagnsveitna ríkisins.

Áhrif þessara tveggja aðgerða, þ. e. greiðslu ríkissjóðs á rafhitunarframlagi og framlagi vegna félagslegs þáttar aðveituframkvæmda, hafa nú verið athuguð að nýju. Miðað við 87,5 millj. kr. rafhitunarframlag fyrir árið 1986 gæti verðjöfnunargjald lækkað um 3,6%-stig. Miðað við 60,0 millj. kr. meðalframlag vegna félagslegs þáttar árin 1986—1995 gæti verðjöfnunargjald lækkað um 2,5%-stig. Samtals mundu þessar greiðslur á árinu 1986 geta komið í stað 6,1%-stiga af þeim 16,0% sem verðjöfnunargjaldið er nú.

Aðrar tillögur

Eins og greint er frá hér að framan, undir fyrirsögninni **nefndarstörf**, voru aðrar hugmyndir um lausn málsins ræddar. Er þeim lýst hér á eftir, en að baki þeim liggja fylgiskjöl 2, 3 og 4.

Tillaga 2: Verðjöfnunargjald verði afnumið í þrem áföngum, þannig að það verði 12% árið 1986, 6% árið 1987 en falli síðan niður.

Auk þessarar megintillögu er þó lagt til, að verðjöfnunargjald af raforkusölu til eftirtalinna nota verði þegar frá og með 1. janúar 1986 fellt niður: rafhitun (ekki einungis húshitun), dæling hitaveitna á heitu vatni, notkun skipa í höfnum og notkun varmadæla. Ætla má að greitt verðjöfnunargjald af þessari sölu sé nú um 25 millj. kr. á ári. Yfirgnæfandi hluti þess er vegna dælingar hitaveitna.

Til að mæta tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða taki ríkissjóður að sér áhvílandi lán fyrirtækjanna í tveim áföngum, þannig:

1. janúar 1986: Lán Rafmagnsveitna ríkisins: 2 275 millj. kr.

1. janúar 1986: Lán Orkubús Vestfjarða: 392 millj. kr.

1. janúar 1987: Lán Rafmagnsveitna ríkisins: 665 millj. kr.

1. janúar 1987: Lán Orkubús Vestfjarða: 392 millj. kr.

Tillaga 3: Verðjöfnunargjald verði aðeins lækkað í 14% fyrir árið 1986 en afnumið að fullu frá og með 1. janúar 1987.

Fyrir sölu til allrar rafhitunar, dælingar hitaveitna, skipa í höfnum og varmadæla falli gjaldið þó niður frá og með 1. janúar 1986 (sbr. tillögu 2).

Til að mæta tekjumissi fyrirtækjanna tveggja taki ríkissjóður að sér áhvílandi lán þeirra 1. janúar 1987, áætluð sem hér segir:

Lán Rafmagnsveitna ríkisins: 2 975 millj. kr.

Lán Orkubús Vestfjarða: 816 millj. kr.

Tillaga 4: Verðjöfnunargjald verði aðeins lækkað í 14% fyrir árið 1986, en aðrar ráðstafanir ekki gerðar.

Fyrir sölu til allrar rafhitunar, dælingar hitaveitna, skipa í höfnum og varmadæla falli gjaldið þó niður frá og með 1. janúar 1986 (sbr. tillögu 2).

Lokaorð

Saga verðjöfnunargjaldsins var rakin í fylgiskjali 1 með fyrra nefndaráliti og verða henni ekki gerð skil hér. En ljóst er að gjald þetta hefur alla tíð verið umdeilt. M. a. hefur það í takmörkuðum mæli leitt til verðjöfnunar enda leggst það þyngst á það verð sem hæst er fyrir.

Raforkuverð hjá ýmsum rafveitum, sem greiða verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er nú hærra en verð veitnanna tveggja, sem gjaldsins njóta.

Skattlagning raforku hér á landi er hærri en þekkist í grannlöndum og á verulegan þátt í tiltölulega háu raforkuverði hér á landi, a. m. k. miðað við verð á Norðurlöndum. Er þá verð til rafhitunar undanskilið.

Pau uppsöfnunaráhrif, sem raforkukostnaður og skattlagning slíks frumkostnaðar hefur í atvinnurekstri, eru alkunn. Afnáam verðjöfnunargjalds dregur úr þessum áhrifum — enda um beina aðgerð til lækkunar raforkuverðs í landinu að ræða.

Tillögur nefndarinnar um ráðstafanir stjórnvalda til að auðvelda afnáam gjaldsins eru studdar þeim rökum, að um skynsamlega aðgerð sé að ræða og að skylda ríkisins í þessu efni sé bein afleiðing eftirtalinna staðreynda:

Stjórnvöld hafa ekki heimilað Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða raunhæfa verðlagningu á orku.

Pau hafa ákveðið hröðun ýmissa framkvæmda fyrirtækjanna.

Pau hafa aðeins að hluta greitt sannanlega óarðbærar aðveituframkvæmdir (félagslegan þátt).

Þá er talið, að fyrirtækin hafi ekki notið hagkvæmustu lána á hverjum tíma.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu hefur nú verið greitt í 20 ár. Álagning gjaldsins var frá upphafi tengd öðrum ráðstöfunum til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Lög um verðjöfnunargjald voru jafnan sett til skamms tíma, frá 1974 aðeins til eins árs í senn.

Nefndin telur þetta skeið nú hafa verið runnið á enda og tímabært að gera orkufyrirtækjunum tveimur, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, kleift að haga svo rekstri sínum, að þau verði óháð tekjustofni af þessu tagi. Jafnframt er hér um að ræða umtalsverða lækkun raforkuverðs í landinu, sem telja verður til hagsbóta bæði fyrir atvinnurekstur og almenna notendur.

Því leggur nefndin til, að farið verði að tillögum hennar eins og þeim er lýst í greinargerð þessari og meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga.

Reykjavík, 2. desember 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, alþm.
formaður

Stefán Guðmundsson
alþingismaður

Aðalsteinn Guðjohnsen
rafmagnsstjóri

Guðmundur Malmquist
héraðsdómslögmaður

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri

Sérálit:

Ég vísa til nefndarálits meiri hluta nefndarinnar varðandi málavexti, svo og til tillagna fyrri nefndar um það viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki verði hjá því komist að tekjuöflun orkufyrirtækja í landinu beri þá fjárfestingu og rekstrarkostnað sem stofnað hefur verið til af hálfu orkufyrirtækja á undanförunum árum.

Nú þegar hefur ríkissjóður létt af orkufyrirtækjum fjárfestingu sem nemur allt að 3 milljörðum króna.

Fjárhagur ríkissjóðs leyfir ekki að óbreyttu frekari yfirtöku fjárskuldbindinga að mati undirritaðs.

Verði ákvörðun stjórnvalda hins vegar sú að fella niður verðjöfnunargjald af raforku, tel ég þá leið, sem fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans er varðar á hvern hátt mæta eigi því tekjutapi sem orkufyrirtækin verða fyrir, þá skástu sem völ er á.

13. nóvember 1985

Sigurður Þórðarson

Kjartan Jóhannsson var ekki viðstaddur lokaafgreiðslu nefndarálitsins en fylgdist með störfum nefndarinnar. Hann mun skila séráliti.

Fylgiskjöl: 1.—5. Fjárhagsáætlanir Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK) og Orkubús Vest-fjarða (OV) 1986—1995.

1. Ekkert verðjöfnunargjald eftir 1985.
Yfirtaka lána 1. janúar 1986.
2. Verðjöfnunargjald 12% 1986, 6% 1987.
Yfirtaka lána 1. janúar 1986 og 1987.
3. Verðjöfnunargjald 14% 1986.
Yfirtaka lána 1. janúar 1987.
4. Verðjöfnunargjald 14%.
5. Verðjöfnunargjald 16%.
6. Yfirlit yfir greiðslubyrði af núverandi lánnum RARIK og OV.
7. Raforkuverð: Skv. gjaldskrá 1. október 1985.
8. Raforkuverð: Meðalverð 1984 (án skatta).
9. Raforkuverð: Meðalverð 1984 (með sköttum).
10. Raforkusala önnur en til húshitunar og götulýsingar.
Áætlaðar tekjur m.v. gjaldskrá 1. október 1985 og solumagn 1984.
11. Frumvarp til laga.

Fylgiskjal 1 a.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
27.11.1985

EFNAHAGSÁÆTLUN 1984—1995
(Ekkert verðjöfnunargjald eftir 1985. Yfirtaka lána 01.01.1986)

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Orkuviðskipti												
Smásala Gh			511	541	572	594	614	636	659	671	690	707
Heildsala Gh			137	141	145	151	156	161	166	170	175	179
Ótrygg orka Gh			14	16	16	16	16	16	16	16	16	16
Heitt vatn Gh			27	27	27	28	29	30	31	32	33	33
Orkusala alls Gh			689	725	760	789	815	843	868	889	914	935
Keypt forg.orka Gh			620	657	697	728	756	787	814	836	863	886
Keypt afg.orka Gh			41	43	43	44	45	46	47	48	49	49
Orkukaup alls Gh			661	700	740	772	801	833	860	883	911	935
Rekstraráætlun												
Smásala	800	1030	1039	1032	1124	1148	1165	1177	1190	1196	1207	1236
Rafhítunarframlag	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tekjur af smásölu	800	1030	1039	1082	1124	1148	1165	1177	1190	1196	1207	1236
Heildsala	420	483	249	248	247	247	246	243	241	237	233	239
Orkusala alls	1220	1513	1288	1330	1371	1395	1411	1420	1431	1433	1440	1475
Verðjöfnunargj.	301	306	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur	34	19	45	45	45	45	45	45	45	45	45	45
Tekjur alls	1555	1838	1333	1375	1416	1440	1456	1465	1476	1478	1485	1520
Laun í rekstri	118	131	157	166	166	166	166	166	166	166	166	166
Önnur rekstrargj.	107	184	222	235	235	235	235	235	235	235	235	235
Orkukaup	811	1004	814	835	857	865	867	859	855	844	836	859
Afskriftir eldri	183	238	238	238	238	238	238	238	238	238	238	238
Afskriftir nýjar	0	0	7	11	19	26	33	41	48	56	63	70
Afskriftir alls	183	0	245	249	257	264	271	279	286	294	301	308
Rekstrargjöld	1219	1557	1437	1486	1515	1531	1540	1539	1543	1539	1538	1568
Fjármunatekjur	0	0	32	33	34	36	36	37	38	39	40	41
Fjármagnsgj. eldri	266	310	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármagnsgj. nýrri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármagnsgj. alls	266	310	0	20	0	0	0	0	0	0	0	0
Hagnaður	70	-28	-72	-77	-65	-54	-47	-38	-29	-22	-13	-7
Fjármagnsstreymi												
Hagnaður			-72	-77	-65	-54	-47	-38	-29	-22	-13	-7
Afskriftir alls			245	249	257	264	271	279	286	294	301	308
Félagslegur þáttur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Uppruni án lántaka			172	172	191	210	224	241	257	271	288	301
Lántökur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Uppruni alls			172	172	191	210	224	241	257	271	288	301
Fjárfestingar			125	200	200	200	200	200	200	200	200	200
Afborganir eldri			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir nýrri			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir alls			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ráðstöfun alls			125	200	200	200	200	200	200	200	200	200
Uppruni - Ráðst.			47	-28	-9	10	24	41	57	71	88	101
Staða í árslok			47	19	11	20	45	86	143	214	302	403

Tölur fyrir 1984 eru rauntölur.

Fylgiskjal 1 b.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

20.11.1985

EFNAHAGSÁÆTLUN 1984—1995

Helstu forsendur.

1. Verðlag er miðað við áætlað meðalverðlag á árinu 1985. Til viðmiðunar er byggingarvísitala = 210 stig.
2. Orkumagn er samkvæmt nýrri orkuspá. Gert er ráð fyrir eigin framleiðslu sem nemur 100 GWh.
3. Tekjur af orkusölu eru samkvæmt gjaldskrá frá 1. jan. 1985 og er ekki gert ráð fyrir að þær breytist á árinu.
4. Verðjöfnunargjald er reiknað sem hlutfall af smásölutekjum. Þetta hlutfall hefur reynst stöðugt á liðnum árum.
5. Gert er ráð fyrir að mannaflí við störf í rekstri veitukerfis aukist á árunum 1986 og 1987 en verði óbreyttur eftir það.
6. Gert er ráð fyrir aukningu í öðrum rekstrargjöldum á árunum 1986 og 1987 en verði óbreytt eftir það.
7. Orkukaup eru reiknuð á þeim gjaldskrá sem gilt hafa síðan 1. jan. 1985. Orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig frá Skeiðsfossvirkjun. Þá eru nokkur gasolíukaup (Grimsey og varaafli).
8. Afskriftir eldri eru áætlaðar 238 Mkr. af afskriftarstofni á verðlagi 1985.
9. Afskriftir nýjar eru taldar vera 3,7% á ári.
10. Fjármagnsgjöld eru samkvæmt lánaskrá þar sem þau eiga við.
11. Fjárfestingar eru mat Rafmagnsveitna ríkisins næstu 20 árin.

Fylgiskjal 1 c.

ORKUBÚ VESTFJARÐA
23.11.1985

REKSTRARÁÆTLUN 1984—1995
(Ekkert verðjöfnunargjald eftir 1985. Yfirtaka lána 01.01 1986)

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Tekjur:												
Orkusala	244.2	290.0	290.8	292.7	294.5	295.9	297.3	297.1	298.1	299.0	299.7	305.2
Verðjöfnunargjald	76.4	72.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Aðrar tekjur	0.6	1.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0	2.0
Tekjur alls	321.2	363.0	292.8	294.7	296.5	297.9	299.3	299.1	300.1	301.0	301.7	307.2
Gjöld:												
Laun	32.3	43.0	44.7	46.5	46.5	46.5	46.5	46.5	46.5	46.5	46.5	46.5
Olía	10.0	7.0	7.0	7.0	7.0	15.0	20.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0
Orkukaup	94.8	114.0	119.2	119.7	120.1	120.2	120.0	118.1	117.3	116.2	114.8	118.1
Önnur rekstrargjöld	38.1	52.0	55.0	57.2	57.2	57.2	57.2	57.2	57.2	57.2	57.2	57.2
Gjöld alls	175.2	216.0	225.9	230.4	230.8	238.9	243.7	228.8	228.0	226.9	225.5	228.8
Tekjur af reglulegri starfsemi	146.0	147.0	66.9	64.3	65.7	59.0	55.6	70.3	72.1	74.1	76.2	78.4
Vextir:												
Af eldri lánum	88.1	89.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Af nýjum lánum	0.0	3.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.4	1.4	1.4	1.4	1.4	1.4
Vextir alls	88.1	92.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.4	1.4	1.4	1.4	1.4	1.4
Afskriftir:												
Af eldri eignum	57.9	61.2	65.0	62.4	59.8	57.2	54.6	52.0	49.4	46.8	44.2	41.6
Af nýjum eignum	0.0	2.8	0.0	2.6	5.2	7.8	10.4	13.0	15.6	18.2	20.8	23.4
Afskriftir alls	57.9	64.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0
Hagnaður/tap ársins	0.0	-9.0	1.9	-0.7	0.7	-6.0	-9.8	3.9	5.7	7.7	9.8	12.0
Hagnaður/tap tímabilsins	0.0	-9.0	1.9	1.2	1.9	-4.1	-13.9	-10.0	-4.3	3.4	13.2	25.2
Afborganir:												
Af eldri lánum	20.6	30.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Af nýjum lánum	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Afborganir alls	20.6	30.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Til fjárfestingar	37.3	25.0	66.9	64.3	65.7	59.0	55.2	68.9	70.7	72.7	74.4	75.7
Fjárfesting:												
Kostnaður	70.2	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0	65.0
Félagslegur þáttur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Úr rekstri	37.3	25.0	66.9	64.3	65.7	59.0	55.2	68.9	70.7	72.7	74.4	75.7
Frá fyrri árum	0.0	0.0	0.0	1.9	1.2	1.9	0.0	0.0	3.9	9.6	17.3	26.7
Lántökupörf	32.9	40.0	-1.9	-1.2	-1.9	4.1	9.8	-3.9	-9.6	-17.3	-26.7	-37.4
Lántaka	30.0	40.0	0.0	0.0	0.0	4.1	9.8	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0

Tölur fyrir 1984 eru rauntölur.

Fylgiskjal 1 d.

ORKUBÚ VESTFJARÐA
23.11.1985

REKSTRARÁÆTLUN 1984—1995
Helstu forsendur

1. Orkusala.

Reiknað er með 2% aukningu á ári og gengið er út frá söluáætlun 1985. Reiknað er skv. gjaldskrá frá 01.01.1985.

2. Verðjöfnunargjald.

Byggt er á áætlun 1985 og reiknað með 4% magnaukningu á ári.

3. Laun og önnur rekstrargjöld.

Byggt er á áætlun 1985 og reiknað með 4% aukningu árin 1986 og 1987. Síðan eru þessir gjaldaliðir óbreyttir.

4. Olía.

Reiknað er með verði í júlí 1985. Aukning 1989 og 1990 er vegna minnkaðs framboðs á afgangsortku.

5. Orkukaup.

Gengið er út frá áætlun um orkuöflun 1985 og að orku vegna aukningar sé aflað með kaupum af Landsvirkjun. Reiknað er skv. gjaldskrá frá 01.01.1985. Eigin orkuvinnsla 65 GWh á ári.

6. Vextir og afborganir.

Eru skv. lánaskrá OV ófrágengin lán að upphæð 84.3 Mkr, eru reiknuð til 10 ára með jöfnum afborgunum og 10% vöxtum. Ný lán eru reiknuð til 15 ára, afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og síðan jafnar afborganir og 10% vextir.

7. Afskriftir.

Eru festar og settar jafnar árlegum fjárfestingum.

Fylgiskjal 2 a.

27.11.1985

EFNAHAGSÁÆTLUN 1984—1995
(Verðjöfnunargjald 12% 1986 og 6% 1987. Yfirtaka lána 01.01.1986 og 1987)

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Orkuviðskipti												
Smásala Gh			511	541	572	594	614	636	659	671	690	707
Heildsala Gh			137	141	145	151	156	161	166	170	175	179
Ótrygg orka Gh			14	16	16	16	16	16	16	16	16	16
Heitt vatn Gh			27	27	27	28	29	30	31	32	33	33
Orkusala alls Gh			689	725	760	789	815	843	868	889	914	935
Keypt forg.orka Gh			620	657	697	728	756	787	814	836	863	886
Keypt afg.orka Gh			41	43	43	44	45	46	47	48	49	49
Orkukaup alls Gh			661	700	740	772	801	833	860	883	911	935
Rekstraráætlun												
Smásala	800	1030	1039	1082	1124	1148	1165	1177	1190	1196	1207	1236
Rafhitunarframlag	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tekjur af smásölu	800	1030	1039	1082	1124	1148	1165	1177	1190	1196	1207	1236
Heildsala	420	483	249	248	247	247	246	243	241	237	233	239
Orkusala alls	1220	1513	1288	1330	1371	1395	1411	1420	1431	1433	1440	1475
Verðjöfnunargj.	301	306	234	122	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur	34	19	45	45	45	45	45	45	45	45	45	45
Tekjur alls	1555	1838	1567	1497	1416	1440	1456	1465	1476	1478	1485	1520
Laun í rekstri	118	131	157	166	166	166	166	166	166	166	166	166
Önnur rekstrargj.	107	184	222	235	235	235	235	235	235	235	235	235
Orkukaup	811	1004	814	835	857	865	867	859	855	844	836	859
